

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1765 frá 11. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/741 að því er varðar tækniforskriftir fyrir lykilþætti áhættustjórnunar ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13cah (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/741) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„13caha. **32024 R 1765**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1765 frá 11. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/741 að því er varðar tækniforskriftir fyrir lykilþætti áhættustjórnunar (Stjtið. ESB L, 2024/1765, 20.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1765, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1765, 20.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1765/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING